



Faghópur I

Fundargerð 26. fundar

Orkustofnun, 18. desember 2009, kl. 8:00-10:00

Mætt: Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Auður Sveinsdóttir, Gísli Már Gíslason (kl. 8:00-9:00), Haukur Jóhannesson, , Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Magnús Ólafsson, Ólafur Arnalds, , Snorri Baldursson, og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.

Forföll: Freysteinn Sigmundsson, Hilmar J. Malmquist, Ragnheiður Traustadóttir, Sólborg Una Pálsdóttir

Fundarfrásögn

1. **Fundargerð.** Engin fundargerð afgreidd.
2. **Vistkerfi og jarðvegur á háhitasvæðum.** Kynning Ólafs Arnalds á verðmætamati. Ákveðið var að bæta við undirviðfanginu „upplýsingagildi“. Þrjú svæðinu fengu 20 í einkunnum: Grændalur, Þeistareykir og Gjástykki.
3. **Vistkerfi og jarðvegur á vatnssviðum.** Kynning Þóru Ellenar á verðmætamati.
4. **Gögn vegna einstaklingsmats á verðmætum.** Þóra bað forsvarsmenn kynninga og tillagna að einkunnum að ganga frá og senda inn gögn svo Rannveig Thoroddsen gæti útbúið útsendiblað með tillögunum og borið þau undir hvern og einn hópmeðlim. Einnig þyrfti að senda inn kynningar og rökstuðning fyrir tillögunum svo gera mætti þau aðgengileg á vinnusvæði hópsins á heimasíðu. Bað Þóra fundarmenn að hraða sem mest afhendingu gagnanna og aðra hópmeðlimi að senda inn sínar tillögur að breytingum sem fyrst eftir jól.
5. **Fundi slitið** kl. 10:00.
6. **Næsti fundur** verður haldinn þann 29. des. Kl. 10:00-17:00.